



Nefndarsvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2021

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 (frítekjumark vegna lífeyristekna) þingskjal 91 – 90 mál.

ÖBÍ lýsir stuðningi við hækkun frítekjumarka vegna tekna lífeyrisþega við útreikning lífeyris almannatrygginga. Frítekjumörkum hefur verið haldið óbreyttum árum og jafnvel áratugum saman í stað þess að þau séu uppfærð og látin fylgja öðrum hækkunum, s.s. hækkun lífeyris almannatrygginga og/eða launavísitölu.

Frítekjumörk tekjutryggingar og heimilisuppbótar fyrir örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega hafa verið óbreytt frá árinu 2009. Frítekjumark á atvinnutekjur hvetur örorkulífeyrisþega sem hafa vinnufærni til atvinnuþátttöku. Á meðan frítekjumarkið stendur í stað og laun á vinnumarkaði hækka, skila launahækkanir sér ekki til örorkulífeyrisþega. Ef frítekjumark vegna atvinnutekna hefði hækkað í samræmi við hækkun launavísitölu frá árinu 2009, var frítekjumarkið komið yfir 217.000 kr. á mánuði í stað 109.600 kr. í janúar 2020.

Ekkert um okkur án okkar!

Þuríður Harpa Sigurðardóttir
Formaður ÖBÍ

